**8. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins**
**Haldinn í Þórunnartúni 2, föstudaginn 28. september 2023, kl. 08.30**

Fundinn sátu:
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir(teams), Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir (teams) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð fundar 11. ágúst og 8. september
   Undirritaðar.
2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur
   Farið var yfir stöðuna og reksturinn til upplýsinga fyrir stjórn. Kynningin var send sem fundargagn fyrir fund. Engar athugasemdir en góð umræða um framgang verkefna, Ferðamálaþing og hugmyndir m.a. um að koma jólaþorpunum á framfæri.
3. Samningur vegna Visit Reykjavík
   Farið var yfir stöðuna á samningnum og lagt til ákveðnar breytingartillögur sem verða sendar á Reykjavíkurborg til skoðunar.
4. Erlendir aðildarfélagar
   Ákvörðun var tekin um að miða skal við íslenska kennitölu og fjölda ársverka miðað við það þegar fyrirtæki sem eru hluti af erlendum félögum óska eftir aðild.
5. Gestgjafinn Reykjavík
   Ákveðið að ræða við fyrirtæki/aðildarfélaga um hvernig þeim finnist verkefnið. Ásamt því að umræða var um hversu miklir starfskraftar færu í verkefnið. Að öðru leyti þykir verkefnið áhugavert.
6. Skemmtiferðaskipin
   Ákveðið að bíða eftir aðgerðaráætlun stjórnvalda áður en við skoðuðum nein verkefni. Hins vegar var óskað eftir því að frkvstj. hitti fulltrúa valinna fyrirtækja til að skoða mögulega tækifæri í samstarfi.
7. Önnur mál
   Rætt um aðkomu stofunnar að Mannamóti Markaðsstofa landshlutanna og frkvstj. falið að finna farveg.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10.00.